Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is


Til bæjarráðs

Kópavogi, 20. nóvember 2023
23111126/100.04 BR

Efni: Heimild til útboðs – Innkaup á götuljósalömpum

Óskað er heimildar bæjarráðs til að bjóða út í opnu útboði innkaup á götuljósalömpum til næstu þriggja ára.

Frá árinu 2018 hefur verið í gangi markviss útskipting á götuljósalömpum þar sem öllum lömpum með kvikasilfursperu hefur verið skipt út fyrir LED lampa. LED lampar nota mun minni orku en hefðbundnir gasfylltir lampar eða lampar með glóþræði og hafa útgjöld til rafmagnskaupa fyrir gatna- og stígalýsingu minnkað jafnt og þétt frá 2018 eins og línuritið hér að neðan sýnir.



Frá árinu 2018 hafa verið settir upp tæplega 2.000 LED lampar í bæjarfélaginu og hafa útgjöld til orkukaupa lækkað á þessum tíma úr tæpum 100 m.kr. á ári í um 70 m.kr. á ári. Gera má ráð fyrir að ef ekki hefði verið skipt út neinum lömpum væri rafmagnskostnaður fyrir götulýsingu um það bil 120 m.kr. á ári. Að auki er viðhaldskostnaður LED lampa minni og rekstraröryggi meira og er því verulegur ávinningur á því að skipta út gömlum lömpum fyrir nýja.

Í útboðinu er óskað tilboða í 3.100 lampa sem settir verða upp á næstu þremur árum í öllum hverfum í bænum. Gert er ráð fyrir að innkaupin borgi sig upp á næstu fimm árum þegar horft er til lækkun á rafmagnskostnaði og lækkun á viðhaldskostnaði.

Innkaupin færast á kostnaðarlið á stofni tileinkuðum götuljósum og stýringum.

Fylgiskjöl: Útboðsgögn

Virðingarfyllst,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026